

Nafn slasaða _____ Kennitala _____

Hvenær varð slysið? Dagur _____ Mánuður _____ Ár _____

Hvar varð slysið? Í frítíma Í vinnutíma Á beinni leið til/frá vinnu

Slysstaður _____

Skráningarnúmer ökutækis _____ Sími _____ Netfang _____

Vinnustaður á slysdegi _____ Starfsheiti _____ Starfshlutfall _____

Kom lögregla á vettvang? Já Nei Voru sjónarvottar að slysinu? Já Nei

Ef sjónarvottar, tilgreinið nöfn og kt. _____

Hvar fékk slasaði læknishjálp? _____

Nafn læknis/meðferðarstofnunar _____

Lýsing á meiðslum _____

Var slasaði frískur og vinnufær fyrir slysið? Já Nei

Ef nei, um hvaða meiðsl/veikindi var að ræða? _____

Hefur slasaði áður lent í slysi? Já Nei Hefur slasaði áður verið metinn til örorku? Já Nei

Ef já, tilgreinið áverka/sjúkdóm, hver framkvæmdi matið og hver örorkan er í % _____

Hvaða læknar hafa meðhöndlað slasaða fyrir og eftir slysið? Tilgreinið nafn meðferðarlæknis/lækna

Komi til greiðslu bóta óskast þær greiddar inn á bankareikning _____ / ____ / _____ kt. _____

Þar sem félaginu er lögskyllt að draga staðgreiðslu af tímabundnu atvinnutjóni og skila til ríkissjóðs, þarf tjónþoli að upplýsa Vátryggingafélag Íslands hf. hvort það eigi að nýta persónuafsláttinn.

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef svarað öllum spurningum samkvæmt minni bestu vitund og sannleikanum samkvæmt.

Ég hef ekki leynt neinu er kann að skipta máli fyrir félagið um ákvörðun við mat á bótaskyldu vegna framangreinds atburðar.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Tjónsdagsetning _____

Ég undirritaður _____ kt. _____

veiti hér með Vátryggingafélagi Íslands hf. kt. 690689-2009 (VÍS) heimild til að afla upplýsinga og gagna frá læknum, sjúkrahúsum og öðrum meðferðaraðilum/stofnunum er varða heilsufar mitt nú og einnig fyrri/síðari sjúkdóma og slys sem máli skipta við mat á bótaskyldu og bótakröfu. Jafnframt heimila ég félaginu að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna um tekjur/greiðslur og réttindi frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, lífeyrissjóðum, stéttarfélagi, vinnuveitendum og skattayfirvöldum eftir því sem þörf er til ákvörðunar bótafjárhæðar vegna tjónsins.

Þá heimila ég félaginu að leita upplýsinga frá fyrrum/núverandi vinnuveitanda um tímabil óvinnufærni sem rekja má til framan-greinds atburðar. Þá er félaginu heimilt að afla skýrslna og umsagna frá Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum aðilum sem komu að rannsókn slyssins sem verið er að tilkynna. Félaginu er einnig heimilt að afla upplýsinga frá lögreglu um lögregluskýrslur og önnur gögn hjá lögreglu sem gerð hafa verið vegna málsins. Loks er félaginu heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna um fyrri tjón hjá öðrum vátryggingafélögum eftir því sem þörf er á.

Tilgangur hinnar fyrirhuguðu vinnslu persónuupplýsinga er sá að félagið þarf að geta metið ábyrgð sína samkvæmt vátrygginga-samningi, þ.e. leggja mat á bótaskyldu í máli þínu sem og bótafjárhæðir.

Ég samþykki að VÍS er heimil vinnsla og varðveiting gagnanna, sem og miðlun þeirra til annarra vátryggingafélaga/endurtryggjenda ef þörf krefur. Í heimild þessari felst einnig heimild starfsmanna í heilbrigðiskerfinu til að vinna þær upplýsingar sem VÍS óskar eftir. Ef reynir á málið fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða fyrir dómstólum er VÍS heimilt að leggja gögnin fram í því máli. VÍS mun ekki miðla persónuupplýsingum til þriðja ríkis án þess að fullnægjandi vernd liggja fyrir.

Ég geri mér grein fyrir því að með yfirlýsingu þessari felst samþykki til vinnslu persónuupplýsinga um mig skv. lögum um persónu-vernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018. Heimildir til ofangreindrar vinnslu persónuupplýsinga grundvallast á 1.-2. tl. og eftir atvikum á 6. tl. 9. gr. laganna og heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram á grundvelli 1. og eftir atvikum á 6. tl. 11. gr. laganna. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Við vinnslu ofangreindra gagna fer ekki fram sjálfvirk ákvarðana-taka í skilningi laga um persónuvernd.

Ég geri mér grein fyrir því að mér er heimilt að afturkalla samþykki þetta til upplýsingaöflunar félagsins hvenær sem er með skriflegri yfirlýsingu til félagsins en sú afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem átt hefur sér stað fram að afturköllun.

Ég lýsi því hér með yfir að hafa kynnt mér og móttekið ofangreindar upplýsingar. Frekari upplýsingar um vinnslu VÍS á persónuupp-lýsingum má finna á heimasíðu félagsins, vis.is.

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala

Vottur 1 - Undirskrift og kennitala

Vottur 2 - Undirskrift og kennitala